

LEIÐ

FÓSTUÐAGUR 3. AGÚST 2018

Lífstíll

Þarf ekki að vera eins og allir hinir

Rapparinn og útvarpskonan Ragga Holm vinnur nú hörðum höndum að sólóplötunni sinni og er meðlimur í Reykjavíkurdætrum, sem eru að vinna í plötu númer tvö og að spila úti um allar trissur. →2



100%
náttúruleg orka



Fæst í Hellsbúðun, Nettó og Hagkaup

Ragga Holm hefur átt frábært sumar og það eru stór og spennandi verkefni fram undan. MYND/SIGTRYGGUR

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddufr@frettabladid.is



Framhald af forsiðu →

Tónlistar- og útvarpskonan Ragga Holm er meðlimur í sveitinni Reykjavíkurdætrum, hefur gefið út nokkur vinsæl lög undir eigin nafni og vinnur sem plötusnúður á útvarpsstöðinni Áttunni. Hún hefur átt frábært sumar, bæði með Reykjavíkurdætrum og undir eigin nafni og er nú á fullu að vinna í sólóplötu og breiðskífu með Reykjavíkurdætrum.

„Ég er uppalin í Keflavík, en flutti til Reykjavíkur þegar ég kláraði menntaskóla og kláraði BA-gráðu í tómstunda- og félagsmálafræði frá HI og starfaði svo lengi við það hér og þar,“ segir Ragga. „Árið 2010 ákvað ég að verða plötusnúður og um svipað leyti byrjaði ég líka að gera tónlist með stelpu sem heitir Margrét og er núna í hljómsveitinni Vök. Við höldum að það væri nú ekki fyrir aðra, en það átti eftir að breytast.“

Övæntur smellur árið 2011

„Árið 2011, eftir að hafa verið að spila sem trúbandarar á kaffihúsum niðri í bæ, var okkur boðið að koma að spila á rappkonukvöldi á Barböru, þó við værum engir rapparar,“ segir Ragga. „Þannig að ég fékk takt frá æskuvini mínum, Bjóssa, sem er taktasmiður í tveikykinu Blkprty með Bjarka Hallbergs. Við breyttum textanum í lagi sem við höfðum samið um vinkonu okkar og út úr því kom lagið „Það er komið sumar“, sem var mjög vinsælt árið 2011. Það var framleitt af Redd Lights og Emmssj Gauti var gestarappari í laginu. Svo varð ekkert meira úr því, blessunarlega, því Margrét fór aðra leið og vann Músiktilraunir með Vök og hefur gengið rosalega vel.“

Reppa heiminn vakti athygli

„Eftir þetta ævintýri byrjuðum við Bjóssi að gera tónlist saman og á endanum náði ég að kveikja áhuga einnar dómunnar í Reykjavíkurdætrum á að vera gestur á plötunni minni,“ segir Ragga. „En svo var ég

tekin inn í hljómsveitina fyrir um 10 mánuðum og þetta samstarf varð að laginu „Reppa heiminn“, sem var fyrsta lagið sem ég gerði með Reykjavíkurdætrum.

Við fengum fánlega mikla athygli út á þetta lag og myndbandið,“ segir Ragga. „Svo spilaði ég lagið með þeim á Gay Pride og Menningarnótt og varð fljótlega hluti af sveitinni. Um svipað leyti gerði ég líka lag með Vigdís Howser í Fever Dream sem heitir „Teggana með“ og ég hef verið plötusnúður Fever Dream síðasta árið og spilað með sveitinni mjög víða, sem hefur gert mikið fyrir mig.“

Breiðskífa í september

„Lagið „Hvað finnst þér um það?“ varð til með hjálp frá Bjarka Hallbergs og Kilo,“ segir Ragga. „Ég var í vandræðum með hálfklárað lag og var aldrei ánægð með útkomuna, þannig að ég setti það á ís. En þeim fannst þetta geðveikt lag, þannig að upp úr þessu öllu varð til nýtt lag á einum degi.“

Þegar það kom út var ég komin svolitíð á flug með Reykjavíkurdætrum, svo ég setti sólóverkefnið á hilluna, því ég hafði meiri trú á því sem ég var að gera með stelpunum,“ segir Ragga. „En svo var mér boðið að koma að spila á Secret Solstice í sumar og þarna breyttist dæmið, því það var einhver að sýna þessu alvöru áhuga. Ég var samt frekar kvíðin en spennit, því ég átti ekki lög til að spila á þessu giggi. En við settumst niður til að vinna í vor og gerðum fimm lög. Núna vantar mig tvö lög í viðbót og þá er ég komin með breiðskífu. Ég stefni á að gefa plötuna út í byrjun september og næstu skref ráðast svolitíð af því hvernig viðtökur platan fær.“

Ömetanlegt að komast í Reykjavíkurdætrum

„Það breytir öllu fyrir mig að vera komin í Reykjavíkurdætrum. Ég er ógeðslega þakklát fyrir að vera tekin inn í þessa hljómsveit. Ég var mikill aðáandi áður og dreymdi um að fá að gera lag með þeim,“ segir Ragga. „Að fá að vera hluti af þessu, þegar þær eru búnar að vinna hörðum höndum til að koma sér þangað sem þær eru í



Ragga segist hafa þurft að átta sig á að það sé í lagi að efnið hennar sé ekki alveg í takt við það sem flestir eru að gera. MYND/SIGTRYGGUR

dag, er bara ómetanlegt. Ég held að fólk á Íslandi geri sér ekki grein fyrir því hvað Reykjavíkurdætrum eru komnar langt. Við vorum að spila á fernum tónleikum í fjórum ólíkum löndum fyrir stuttu og spil-uðum fyrir um 20 þúsund manns allt í allt,“ segir Ragga. „Ég var bara í sjokki, ég er búin að vera að spila fyrir framan kannski 50 manns á grunnskólakvöldi.“

Það er mikið talað um að textarnir okkar séu á íslensku, en Kolfinna og Steinunn leikstýra því sem gerist á sviðinu og eru búnar að búa til ótrúlega sterkt „show“ og það er nóg fyrir fólk að sjá okkur á sviði til að finna það sem er um að spila. Margir segja að þó þeir skilji okkur ekki neitt skilji þeir okkur samt svo mikið. Þannig að við sjáum ekki ástæðu til að rappa á ensku.“

Stelpurnar þurfa að snúa bókum saman

„Það var draumur allra dætranna að vinna með kvenkyns listamanni eftir að við gerðum lagið „Bossy“ með Balcony Boyz, sem var fyrsta samstarfið okkar. Stelpur þurfa að snúa bókum saman í þessari tónlistarsenu. Kepp endar alltaf einhvern veginn í þessniðskapi, í stað þess að vera hvetjandi. Þannig að þó það sé kannski ekki beint rigur á milli fólks er upplifunin samt þannig,“ segir Ragga. „Strákkarnir eru hins vegar allir að vinna saman og peppa hver annan, sem er rosalega fallegt. Okkur fannst vanta þetta hjá stelpunum.“

Svala Björgvins var sú sem okkur langaði allra mest að vinna með, en ferlið tók langan tíma. Fyrst áttum við erfitt með að velja takt, svo sendi ég henni óvart rangan takt, þannig að hún samdi yfir hann og sendi okkur og þá kom í ljós að ég hafði sent rangan hlekk. Til Svölu fókking Björgvins!“ segir Ragga, greinilega hneyksluð á sjálfri sér. „Ég baðst bara afsökunar og sem betur fer er hún ein ljúfasta manneskja sem ég hef kynnst. Hún elskar Reykjavíkurdætrum og við elskum hana, þannig að við létum þetta



Ragga segir að það hafi breytt öllu fyrir hana að fá að vera hluti af Reykjavíkurdætrum. „Ég er ógeðslega þakklát fyrir að vera tekin inn í þessa hljómsveit.“

ganga upp. Það er alls ekki útilokað að við vinnum meira saman. Á meðan við vorum á LungA tókum við líka upp tónlistarmyndband við lagið, sem verður vonandi birt fljótlega.“

Annars eru Reykjavíkurdætrum núna að vinna í næstu plötu af miklum krafti, sem ég vona að við náum að klára fyrir veturinn,“ segir Ragga. „Við eigum líka eftir 3-4 ferðir út að spila á árinu og næstu tónleikar sem við spilum á eru á Öyafestival, þar sem Kendrick Lamar er aðalnúmerið.“

Vill gera eitthvað annað en hinir

„Rappsenan á Íslandi er á ákveðnum hápunkti núna og það er gífurlega hörð samkeppni. En það er rosalega mikið af því að fara í sömu átt,“ segir Ragga. „Maður sér líka hverjir fá mestu athyglina og það eru þeir sem semja það sem þeir vita að virkar, sem er mjög snúðugt. Það virkar núna, en það er spurning hversu lengi.“

Þegar kemur að tónlistinni sem ég geri ein er ég mjög stefnulaus. Mig langar ekki að vera einhver „hardcore“ rappari en mér finnst gaman að hafa þetta rappflæði með svona pinu poppvafi og það sem ég er að gera ein og með

Reykjavíkurdætrum er ekki alveg í takt við það sem flestir eru að gera,“ segir Ragga. „Ég hafði áhyggjur af þessu, því ég hélt að ég þyrfti að gera eitthvað eins og hinir, en Bjarki hefur skammað mig fyrir þetta og sagt mér að gera bara mitt. Þannig að ég ætla að gera eitthvað annað en allir hinir.“

Það vantaði almennilega hippoppstöð

„Ég er líka útvarpskona á Áttunni FM 89.1, tónlistarstöð unga fólksins. Markhópurinn okkar er unglíngar upp í svona 25 ára og kannski þrýsti ég aldursþópnum aðeins upp, því ég er þrjú.“ segir Ragga og hlær. „Ég er þar á milli 12-16 frá manudegi til fimmtudags og spila það sem ég fíla. Ég hef fengið mikla jákvæða athygli fyrir að spila mikið af göðu hippopp. Fólk fannst vanta almennilega hippoppstöð á Íslandi. Það vantaði vettvang fyrir þessa tónlist og fyrir alla þessa íslensku tónlistarmenn sem eru að reyna að vekja á sér athygli og nú er hann kominn.“

Þeir sem vilja fylgja með Röggu geta gert það á Instagram @ragga-holm.

TILBOÐ

4 réttir + súpa dagsins
aðeins 1.690 kr.*

SÚVNAKJÖT MEÐ TOFANSÓSU
KJÚKLINGUR MEÐ SATAYSÓSU
NÚÐLUR MEÐ GRÆNMET
DJÚPSTEIKTAR RÆKJUR MEÐ SÚR/SÆTRI SÓSU

* tekið með heim – 1.990 kr. ef borðað er á staðnum.

Frábær hóptilboð

Sjáðu öll tilboðin okkar á
www.kinahofid.is



Opið alla daga
vikunnar frá
kl. 11:00 - 22:00



KINAHOFIÐ

Kinahofid veitingahús | Nýbýlavegi 20 | 200 Kópavogi
www.kinahofid.is | Sími 554 5022



Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnar-efni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgrímsson

Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433

Umjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfrey@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigriður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þordís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 512 5358

Smáauglýsingar

512 5800

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opin allra virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Suzuki fjörgengis utanbörðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hjóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

SUZUKI
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 568 5100
suzukisport@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

Bílar til sölu



Einn flottasti C Benz landsins til sölu. Mercedes Benz C-300 Hybrid Diesel/Rafmagn árgæð 2016, ekinn 13 þ.km. AMG utlitspakki og stúffullur af aukahlutum. Sjón er sögu ríki. Verð 6.390 þús. Upplýsingar í síma 664-1160.

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BILINN?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja

HELLULAGNIR

LÓÐAFRAMKVÆMDIR

- Jarðvinna
- Drenlagdir
- Hellulagnir
- Þökulagnir

788 8870
eind@eind.is

Eind ehf

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirdu á göðum. Uppl. í s. 616 1569.

Bókhald

RETTA-BÓKHALDSÞJÓNUSTA.
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. ofl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

HÚSAVIÐGERÐIR

ENDURBÆTUR OG NYSMÍÐI

- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

788 8870
eind@eind.is

Eind ehf

Alhliða fræsing á gólfum, ekkert ryk og háðæða vinna. Uppl. á steinbrot@steinbrot.is eða í s. 777-2242 eða 771-2242

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com



viðfarir
þetta er minn ástæða
þú hefur þú minni í öf þess

Keypt & Selt

Til sölu



LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.

Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarþrunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnara til þess að auðveldu opnun á loki. www.Heitipottaris Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar



Kassagítarar á tilboði

Kassagítarar í úrvalli Gitarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is



Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgætt úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI WWW.HUMARSALAN.IS S. 867 6677

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar jonogoskar.is s.552-4910

Heilsa

Nudd



TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstætt upplifun fyrir þér, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

FOR RENT - TIL LEIGU

Til leigu í efra Breiðholti 2ja herb íbúð.
uppl. s 895 9376
eða á antonen@simnet.is

55m2 íbúð á góðum stað í 101 Reykjavík, er til leigu. Möguleiki að leigan greiðist að hluta með vinnuframlagi. Gæti hentað t.d. eftirlaunaþegum. Áhugasamir sendið umsókn á Gardurogthrif@gmail.com

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarvæði, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAETT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m2. Ódyrt eftir það. S. 564-6500

Atvinna

Atvinna í boði



Viljum ráða manneskju í móttöku KvikkFix. Lífligt starf. Góð laun og vinnuáðstaða. Umsóknir sendist e mail á hinrik@ng.is

Óskum eftir að ráða smíði, múrara og vana menn við hellulagnir.

Uppl. sendist á eind@eind.is
EIND EHF

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EDA ADRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannaþjónusta
- proventus.is Sími 551-5000
Netfang proventus@proventus.is

Reynslumikill smíður, tilbúinn í verkefni. Uppl. s: 7718554

Til sölu

Fallegar vörur fyrir börnin - www.sker.is



Fasteignir

Pingvellir



Vel staðsett 36,1fm samarhús á 2000fm eignalóð.

Bústaðurinn skiptist í: stofu, herbergi, eldhús, baðherbergi og geymslu. Húsið þarfnast viðhalds. Lóðin er gróinn með fallegum trjám.

Verönd er fram með austur, suður og vestur hlið hússins.

Rafmagn og vatn er tengt í bústaðinn.

Bústaðurinn er vel staðsettur í göngufæri við Pingvallavatn og er hverfið lokað af með rafmagnshliði. Allt innbú fylgir húsinu.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Jónsson
Löggiltur fasteignasali í síma : 780-2700
eða á helgi@miklaborg.is

Verð: **9,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Lág múla 4 www.miklaborg.is

- með þér alla leið -

Skemmtanir



HEPPNI Í KEPPNI

Gullnáman

GLÆSILEGUR
SPILASALUR

Komdu og freistaðu
gæfurnar!

LIFANDI TÓNLIST

HLJÓMSVEITIN
SMELLUR

Spilar fyrir dansi
FÖSTUDAG & LAUGARDAG

FRÁ KL. 00.00 - 03.00

HAPPY HOUR ALLA DAGA FRÁ 16-19

HEITUR MATUR
ALLA DAGA 11-21

SÍMI 554 2166

HAMRABORG 11 • 200 KÖPAVOGUR

WWW.CATALINA.IS

Tilkynningar



Mat á umhverfisáhrifum Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að framkvæmdin

Lagning 11 kv jarðstrengs að Gvendarbrunnunum

skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skiplag.is. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **3. september 2018**.



Mat á umhverfisáhrifum Athugun Skipulagsstofnunar

Stækkun fiskeldis Matorku úr 3000 tonnum í 6000 tonn

Matorka ehf. hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um stækkun fiskeldis úr 3000 tonnum í 6000 tonn.

Kynning á frummatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 3. ágúst, til 17. september á eftirtöldum stöðum: Á bæjarskrifstofum Grindavíkurbæjar, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skiplag.is.

Athugasemdafrestur: Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 17. september 2018 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skiplag@skiplag.is.

SKIPULAGSLÝSING

Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, hafnarsvæði H1 Fornubúðir.

Skiplags- og byggingarráð samþykkti á fundi sínum þann 20. júlí s.l. að láta vinna breytingu á greinagerð aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, er varðar hafnarsvæði H1 við Fornubúðir þegar vinna við gerð aðalskiplags-tillögu hefst skalsveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefni þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskiplagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

Lýsinguna er hægt að nálgast á hafnarfjordur.is.


Skriflegar ábendingar sendist á: hafnarfjordur@hafnarfjordur.is eigi síðar en 12. ágúst 2018.

Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar.
Skipulagsfulltrúi.

HAFNARFJARÐARBÆR
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

ÞJÓNUSTUVER
OPÍÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

585 5500
hafnarfjordur.is



Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

 **HAGVANGUR**

www.hagvangur.is



Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum
lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is